



Rammaáætlun  
*Vernd og orkunýting landsvæða*



# Áhrif fyrirhugaðrar Austurgilsvirkjunar og virkjunar í Fremrinámum á ferðamennsku

Birgitta Stefánsdóttir og  
Anna Dóra Sæþórsdóttir

Október 2015

Október 2015

© Birgitta Stefánsdóttir og Anna Dóra Sæþórsdóttir

Útgefandi: Land- og ferðamálafræðistofa, Líf og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands.

Prentun: Háskólaprent ehf.

ISBN: 978-9935-9266-6-1

## EFNISYFIRLIT

1. Inngangur.....	4
2. Austurgilsvirkjun.....	4
2.1. Ferðþjónusta á svæðinu .....	4
2.2. Aðdráttarafl og sérstaða svæðisins .....	5
2.3. Aðgengi og framtíðarmöguleikar svæðisins.....	5
2.4. Viðhorf ferðþjónustuaðila til Austurgilsvirkjunar.....	6
3. Virkjun í Fremrinámum .....	7
3.1. Ferðþjónusta á svæðinu .....	7
3.2. Aðdráttarafl og sérstaða svæðisins .....	8
3.3. Aðgengi og framtíðarmöguleikar svæðisins .....	8
3.4. Viðhorf ferðþjónustuaðila til virkjunar í Fremrinámum.....	9
Viðauki I - Viðtalsrammi .....	12
Viðauki II - Viðmælendur .....	13

## 1. INNGANGUR

Í þessari samantekt eru kynntar niðurstöður könnunar á áhrifum fyrirhugaðra virkjana í Fremrinámum annars vegar og Austurgilsvirkjunar hins vegar á ferðamennsku. Um er að ræða jarðvarmavirkjun í Fremrinámum (R3296A) og vatnsaflsvirkjun við Austurgil (R3157A) sem eru til umfjöllunar, ásamt öðrum virkjunarhugmyndum, í 3. áfanga rammaáætlunar (verndar- og orkunýtingaráætlun). Fyrirhuguð Austurgilsvirkjun er 35MW vatnsaflsvirkjun ofan við Skjaldfannardal í Ísafjarðardjúpi en Austurgilsá á upptök sín í Drangajökli og fellur í Selá í Skjaldfannardal. Fyrirhuguð virkjun í Fremrinámum er 2 x 50MW jarðvarmavirkjun sem staðsett er í Ketildyngju á Mýrdalsöræfum um 20 km suðaustur af Mývatni.

Umfjöllunin byggir á viðtölum við ferðaþjónustuaðila og aðra hagsmunaaðila á áhrifasvæði virkjananna. Viðtölin fóru fram í september og október 2015 í gegnum síma eða tölvupóst. Stuðst var við viðtalsramma (viðauki 1) sem notaður var í rannsókn Önnu Dóru Sæþórsdóttur og Rögnvaldar Ólafssonar á áhrifum Hólmsárvirkjunar á ferðamennsku og útivist árið 2011. Þar sem um fáfarin svæði er að ræða var svokallaðri snjóboltaaðferð beitt við val á viðmælendum, þ.e. leitað var til aðila í héraði sem gátu bent rannsakanda á ferðaþjónustuaðila sem ferðast um svæðin sem og fólk sem þekkir vel til þessara svæða. Þannig var leitast við að tala við þá sem hafa beinna hagsmuna að gæta á því svæði sem virkjanirnar gætu haft áhrif á. Rætt var við sex viðmælendur, þrjá frá hvoru svæði (viðauki 2). Birgitta Stefánsdóttir, umhverfisfræðingur tók viðtölin og vann úr þeim.

## 2. AUSTURGILSVIRKJUN

### 2.1. Ferðaþjónusta á svæðinu

Ferðamennska á Langadalströnd og Snæfjallaströnd innst í Ísafjarðardjúpi er ekki mikil í dag enda vegasamgöngur nokkuð erfiðar. Í Skjaldfannardal er starfrækt hestaleigan Svaðilfari sem gerir út níu daga hestaferðir í kringum Drangajökul á sumrin. Rætt var við Þórð Halldórsson, eigenda Svaðilfara. Auk þess er ferðaþjónusta starfrækt í Dalbæ á Snæfjallaströnd þar sem rekið er gistihús og veitingasala í tvo mánuði á ári. Þar var rætt við Ingibjörgu Kjartansdóttur sem rekur ferðaþjónustuna. Dalbær er vinsæll gististaður fyrir göngufólk sem hyggst ganga hinn svokallaða Snæfjallahring, en hann hefst og endar við Dalbæ, eða er að hefja aðrar gönguferðir um Jökulfirði. Snjáfjallasetur er einnig starfrækt í Dalbæ en því er ætlað að varðveita og skrá byggðasögu Snæfjalla- og Grunnavíkurhrepps og miðla þessum upplýsingum með sýningum og útgáfu. Í setrinu er að finna sýningar um byggðina. Snjáfjallasetur er rekið af áhugamannasamtökum og er stýrt af þrjúgjá manna stjórn. Rætt var við Ólaf J. Engilbertsson sem er framkvæmdastjóri setursins.

Áætlað er að árlegur fjöldi ferðamanna sem nýta sér þjónustu þessara þriggja ferðaþjónustuaðila sé undir 2.000. Um 1.000 manns heimsækja Snjáfjallasetrið þá þrjá mánuði sem það er opið, um 300-500 manns heimsækja Ferðaþjónustuna í Dalbæ þá tvo mánuði sem þar er opið og um 10-40 ríða með Svaðilfara í kringum Drangajökul yfir sumartímenn. Ferðamenn í hestaferðum eru aðallega erlendir en Íslendingar eru duglegri við að sækja Snjáfjallasetrið heim.

## 2.2. Aðdráttarafl og sérstaða svæðisins

Aðdráttarafl svæðisins er samkvæmt viðmælendum aðallega náttúran og þá sérstaklega Drangajökull og umhverfi hans. Erlendir ferðamenn eru forvitnir um jökulinn, hvernig hann myndar landslagið og hefur áhrif á líf fólks. Nálægð við jökulinn ýtir einnig undir þá óbyggðatífinningu sem fólk sækist oft eftir á Vestfjörðum. Samkvæmt Þórði Halldórssyni hjá Svaðilfara felst sérstaða svæðisins meðal annars í „*að fólk fær það á tilfinninguna, og finnst það virkilega, að það hafi aldrei stigið maður fæti þarna fyrir*“. Þá telur hann að Vestfirðir hafi náð að halda í ákveðna hreinleikaímynd sem fólk sækist eftir.

Það göngufólk sem hefur göngur frá Dalbæ er á leið í gönguferðir um óbyggt land og óheflaða náttúru. Samkvæmt Ólafi J. Engilbertssyni er svæðið „*blið inn í friðland Jökulfjarða og oft síðasti viðkomustaður göngufólks sem heldur í eyðibýggðir*“.

Ferðamenn í Snjáfjallasetrið eru almennt áhugasamir um sögu svæðisins svo sem um Spánverjavígin og Sigvalda Kaldalóns, auk þess sem fólk sem á rætur sínar að rekja til Langadals- og Snæfjallastrandar heimsækir setrið.

## 2.3. Aðgengi og framtíðarmöguleikar svæðisins

Eins og áður segir eru vegasamgöngur að og á svæðinu erfiðar auk þess sem vegurinn er eins konar endastöð á norðanverðum Vestfjarðakjálka. Frá vegamótum við Steingrímsfjarðarheiði er um 40 km malarvegur að svæðinu og skapa einbreiðar brýr hættu á mörgum stöðum. Vegurinn er oft lélegur enda aðeins heflaður einu sinni á ári. Hann lokast einnig strax í fyrstu snjóum vegna þess að vegurinn er lægri en umhverfið. Því er aðeins hægt að hafa ferðaþjónustuna opna frá byrjun júní og út ágúst. Allir viðmælendur töldu aðgengi að svæðinu vera ábótavant og vera ein helsta hindrunin í frekari vexti ferðaþjónustunnar.

Þórður Halldórsson telur að „*heilmiklir möguleikar séu fyrir þá sem að kunna að nýta sér það. Ef mönnum tekst að halda þessari hreinleikaímynd og ætla ekki að keyra í gegn á magninu heldur gæðunum*“. Þá telja allir viðmælendur að svæðið ráði við fjölgun ferðamanna ef vegir yrðu bættir og að það geti einnig lengt ferðamannatímenn. Ólafur Engilbertsson bendir þó á að til þess yrði líklega að bæta við gistiþlássi á svæðinu. Ólafur bendir líka á að eftirspurn sé eftir bátsferðum og mikið sé spurt um

Æðey í Djúpi. Möguleikar á aukinni uppbyggingu ferðaþjónustu eru því sannarlega til staðar að mati viðmælendanna.

Í ágúst 2015 var opnað nýtt safn á svæðinu um Stein Steinarr á Nauteyri. Viðmælendur telja að með fleiri ferðaþjónustuaðilum sem starfa á svæðinu opnast möguleikar til aukinnar kynningar á svæðinu sem heild. Ólafur Engilbertsson telur einnig að nýta megi jarðhitann til nýsköpunar í ferðaþjónustu. Sundlaug og gróðurhús voru áður starfrækt að Laugarási í Skjaldfannardal og laðaði sú starfsemi að sér einhverja ferðamenn.

#### 2.4. Viðhorf ferðaþjónustuaðila til Austurgilsvirkjunar

Þórður Halldórsson er almennt jákvæður í garð fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda. Þá telur hann að uppbyggingin geti haft í för með sér betri grunnþjónustu, svo sem aukna áherslu á uppbyggingu og viðhald vega, bætt raforkuöryggi og betri tengingu fyrir farsíma og internet. Hann telur herra þjónustustig vera undirstöðu þess að fólk velji að setjast að á svæðinu og að byggð leggist ekki af. Einnig sér hann það sem kost að virkjun myndi fylgja starf eða störf til lengri tíma lítið. Virkjunin myndi því ýta undir að byggð væri áfram á svæðinu. Hann undirstrikar þó að „þá skiptir það ótrúlega miklu máli fyrir ferðaþjónustu og þá uppbyggingu sem getur orðið að það séu ekki háspennumöstur um svæðið“ heldur að að línurnar fari allar í jörð. Ellegar myndi svæðið tapa þeirri ímynd hreinnar og lítt spilltrar náttúru sem Vestfirðir hafa, sem skiptir að hans mati „gríðarlega miklu máli“. Að öðru leyti telur hann að lítið rask yrði af virkjuninni og bendir á að lítið eða ekkert af fólki fari um svæðið í kringum Vondadalsvatn þar sem virkjunin kæmi til með að rísa. Þannig hefði virkjunin mjög lítil áhrif á möguleika hans á að nýta svæðið svo lengi sem sjónmengun yrði lágmörkuð með raflinum í jörð. Virkjunarframkvæmdirnar gætu opnað nýja möguleika, og þá sérstaklega vegna skurðanna sem grafa á við jökuljaðarinn. Þeir gætu bætt aðgengi að jöklinum sjálfum og gert það að verkum að Þórður gæti farið með sína ferðamenn nær jöklinum.

Ólafur Engilbertsson er nokkuð jákvæður í garð fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda meðal annars vegna þess að virkjun gæti hugsanlega fylgt vegur með bundnu slitlagi út Langadalsströnd. Þar að auki gæti grunnþjónusta, svo sem farsímasamband, batnað eins og Þórður nefndi hér að ofan. Ólafur telur einnig mikilvægt að raflína fari í jörð. Stjórn Snjáfjallaseturs tók einnig almennt vel í virkjanahugmyndir þegar hugmyndin var rædd á nýlegum aðalfundi. Ólafur minnst þó á að „virkjun í nálægð við jökulinn gæti spillt honum og vatnasvæði hans og möguleikum ferðamanna til að skoða þetta einstaka svæði í framtíðinni án þess að verða fyrir truflunum af mannavöldum“. Þá minntist hann á erindi sem jöklafræðingurinn Helgi Björnsson hélt í Dalbæ fyrir nokkrum árum. Þar lýsti hann þeirri skoðun sinni að „möguleiki væru á því að Drangajökull yrði einn eftir af jöklum landsins eftir um 200 ár vegna þess að úrkomman er svo mikil og köld að jökullinn minnkar ekki neitt að ráði“. Framtíðarvirði

svæðisins er þannig mikið og því mikilvægt að halda jöklinum og umhverfi hans óspilltu til að spilla ekki möguleikum til leiðsagnar og ferða um Drangajökul.

Ingibjörg Kjartansdóttir telur ekki að virkjunin hefði áhrif, hvorki neikvæð né jákvæð, á ferðamennsku á svæðinu eða framtíðarmöguleika fyrirtækisins á nýtingu svæðisins.

### **3. VIRKJUN Í FREMRINÁMUM**

#### **3.1. Ferðaþjónusta á svæðinu**

Fremrinámar er frekar lítið háhitasvæði í Ketildyngju og voru brennisteinsnámur þar á 18. öld og fyrri hluta 19. aldar. Enginn ferðaþjónustuaðili er með reglulegar skipulagðar ferðir um svæðið en það er þó að nýtt af göngumönnum og þá sérstaklega eftir að Ferðafélag Húsavíkur byggði skála í Heilagsdal árið 2004. Skálinn tekur 16 manns í gistingu í kojum og þar að auki tekur svefnloft í skálanum nokkurn fjölda. Rætt var við Ingvar Sveinbjörnsson, formann Ferðafélags Húsavíkur og Tryggva Finnsson, stjórnarmann. Ferðafélag Akureyrar hefur verið með skipulagðar göngu- og skíðaferðir um svæðið og þá sérstaklega eftir að aðstaða Ferðafélags Húsavíkur var sett upp í Heilagsdal. Rætt var við Ingvar Teitsson, formann gönguleiðanefndar Ferðafélags Akureyrar, en hann hefur verið leiðsögumaður í allnokkrum ferðum ferðafélagsins um svæðið og skrifað leiðarlýsingar í árlegt blað félagsins. Einnig var rætt við Bergþóru Kristjánsdóttur, eiganda fyrirtækisins GeoTravel, en hún er öllum hnútum kunnug á svæðinu og hefur ferðast þar um að vetri til þrátt fyrir að fyrirtækið hafi aldrei gert út reglulegar ferðir um svæðið. Fjallasýn Rúnars Óskarssonar sendi einnig inn umsögn um fyrirhugaðar virkjanaframkvæmdir, en fyrirtækið hefur nokkrum sinnum veitt gönguhópum þjónustu á svæðinu.

Erfitt er að áætla hversu margir gestir koma á svæðið árlega þar sem engar reglulegar ferðir eru um svæðið. Stjórnarmenn í Ferðafélagi Húsavíkur segja þó að umferð hafi aukist á síðustu árum og gistinóttum í skálanum í Heilagsdal fari ört fjölgandi. Í ferðum Ferðafélags Akureyrar eru yfirleitt undir 10 manns í hverri ferð og hafa þeir meðal annars gengið á Ketildyngju og að jarðhitasvæðinu í Fremrinámum, gengið á Bláfjall og um Heilagsdal og Bláfjallsgarð. Viðmælendur minntust á að litlar upplýsingar væru til um svæðið og gönguleiðir á svæðinu og því sé erfitt að markaðssetja það.

Vestan og norðvestan við Ketildyngju eru Seljahjallagil, Bláhvammur og Þrengslaborgir. Það svæði var friðlýst sem náttúruvætti árið 2012 vegna einstakra jarðmyndana, fræðslu- og útivistargildis, auk þess sem friðlýsingin tekur til búsvæðaverndar fálka. Að mati viðmælenda hefur áhugi á svæðinu öllu aukist í kjölfar friðlýsingarinnar og er t.d. nokkuð um að göngufólk gangi frá skálanum í Heilagsdal vestur og suður fyrir Bláfjallsgarð.

Ferðamennskan á svæðinu einskorðast ekki við sumartímamann en svæðið hentar mjög vel til vetrarferða. Samkvæmt Ferðafélag Húsavíkur eru „*þeir sem nýta sér skálann göngufólk á sumrin, gönguskíðafólk á veturnum, jeppafólk sumar og vetur og snjósleðafólk*“. Gestir svæðisins gera litlar kröfur um þjónustu og þægindi og eru að leita að fáförnum leiðum.

### 3.2. Aðdráttarafl og sérstaða svæðisins

Samkvæmt Ferðafélagi Húsavíkur er eitt helsta aðdráttarafl svæðisins „*víðernið, fjallabringurinn, allar dyngjurnar, hábitasvæðin og hellur og ýmsar braunmyndanir*“. Svæðið er einnig greiðasta leiðin inn á hálendi frá Mývatni að vetri og er í sjálfu sér hálendissvæði, enda eru ferðamenn þar komnir í um 700-800m. hæð. Allir viðmælendur voru sammála um að þeir ferðamenn sem fara um svæðið séu í leit að ósnortnum víðernum eða óbyggðum enda er svæðið að mestu ósnortið af mannvirkjum. Þá telja viðmælendur að hábitasvæðið í Fremrinámum hafi aðdráttarafl eitt og sér, þar sem þar er að finna hveraaugu og brennisteinsútfellingar. Í þessu sambandi sagði Ingvar Teitsson að þarna væri „*nær ósnortin náttúra og mjög fróðlegt að benda ferðafólki á til dæmis hvernig brennisteinn fellur út á yfirborðinu við svona hábitasvæði*“. Ingvar Teitsson minnst einnig á að Bláfjall hefði töluvert aðdráttarafl þar sem það sé hæsta fjallið á svæðinu og þaðan sé mjög víðsýnt og fallett útsýni.

Sérstaða svæðisins er ekki hin sama að sumar- og vetrarlagi og lýsir Bergþóra Kristjánsdóttir upplifun sinni af ferð að Fremrinámum að vetri til á þessa leið:

*Þegar ég kom þarna í fyrsta skipti núna fyrir tveimur eða þremur árum síðan þá fór ég þarna að vetri til. Og við vorum að keyra þarna upp, það var sólskein og allt snjóbvitt, engin snjósleðaför eða nokkur skapadur hlutur. Svo komum við inná þetta svæði og þar var bara alveg svart og svo sá maður jarðhitann og gufuna. Þetta var bara með stærri náttúruupplifun mínum á avinni.*

Fulltrúar bæði Ferðafélags Húsavíkur og Ferðafélags Akureyrar minntust einnig á sögulegt gildi Fremrináma þar sem þar var nýttur brennisteinn frá 18. öld og fram til ársins 1840. Einhverjar rústir sjást af kofum sem notaðir voru á þessum tíma og er þetta eitt elsta dæmið um nýtingu háhita á landinu. Einnig liggur hin forna Biskupaleið yfir svæðið (á milli Ketildyngju og Kerlingadyngju), en leiðin er talin hafa verið notuð meðal annars af Skálholtsbiskupum þegar þeir þurftu að vísitera í Austurlandsfjórðungi. Viðmælendur bentu einnig á möguleika á fræðsluferðum um jarðfræði, bæði við Fremrináma og á friðlýsta svæðinu við Seljahjallagil.

### 3.3. Aðgengi og framtíðarmöguleikar svæðisins

Aðgengi að svæðinu er mjög erfitt. Hægt er að velja um tvo vegslóða til að komast upp í Heilagsdal, annars vegar um Þrengslaborgir og hins vegar frá Grænavatni. Um 2 klst. akstur er frá Mývatnssveit upp í Heilagsdal að sumri til. Ingvar Teitsson lýsir slóðunum þannig „*að þeir séu mjög*



*seinfarnir og ekki vel merktir og ekki sé þess að vanta að mikil umferð ferðafólks verði um Heilagsdal og Fremrináma nema önnur hvor ofangreindra slóða verði lagfærð“.* Samkvæmt Bergþóru Kristjánsdóttur er svæðið mun aðgengilegra að vetri til en þá er hægt að fara mun hraðar yfir hvort sem er á jeppa eða snjósleða. Að hennar mati hefur svæðið mikla framtíðarmöguleika sem vetraráfangastaður.

Slæmt aðgengi þarf að mati ferðafélaganna ekki endilega að vera galli þar sem það heldur umferðinni í lágmarki. Ferðafélag Húsavíkur setur spurningarmerki við hversu auðvelt aðgengi að hálendinu eigi að vera yfirleitt. Ingvar Teitsson bætir við að *„ef ferðamönnum fjölgaði mikið á Heilagsdal og Fremrinámum, er hætt við að umhverfið léti fljótt á sjá“.* Ferðafélag Húsavíkur telur að svæðið þoli töluvert mikið fleiri ferðamenn og umferð án þess að gildi þess rýrni en *„þó verði að hafa í huga að ferðamenn, sem fara upp á hálendið, verða að finna og skynja öræfakýrrðina“* og setur það einhverjar skorður á fjölda ferðamanna.

Bergþóra hjá GeoTravel segir fyrirtækið stefni að í framtíðinni að nýta svæðið betur til vetrarferða. Hún sér fyrir sér að hægt sé að nýta skála FH í Heilagsdal og bjóða upp á gönguskíðaferðir, snjósleðaferðir og jafnvel hundasleðaferðir út frá skálanum. Fjallasýn telur einnig svæðið hafa mikla framtíðarmöguleika og telja að *„Fremrinámar séu svæði þar sem gjarnan hefur verið horft til útivistar og notkunar síðar. Sem afvikinn og óþekktan stað, með ákveðna dulúð yfir sér, sem áhugavert er að vita af og geta nýtt ef og þegar“.*

Til að auka möguleika á nýtingu svæðisins bentu allir viðmælendur á mikilvægi þess að bæta merkingar. Ferðafélag Akureyrar telur að merkja þyrfti gönguleiðir t.d. að Fremrinámum og upp á Bláfjall og að þar að auki mætti skoða merkingu lengri gönguleiða. Þá þyrfti að merkja betur vegaslóða inn á svæðið. Þá minntist Bergþóra Kristjánsdóttir á að skemmtilegt væri *„ef það væru einhvers staðar aðgengilegar upplýsingar um brennisteinsnámurnar í Fremrinámum“.*

Ferðafélögin hafa rætt þá hugmynd um að þetta net fjallaskála á svæðinu og opna þannig leiðir frá Heilagsdal og austur og suður að Bræðrafelli og Herðubreiðarlindum og tengja þannig skála FH við meðal annars skála Ferðafélags Akureyrar. Ferðafélag Húsavíkur telur þéttara net skála auka framtíðarmöguleika á nýtingu svæðisins þar sem félagið *„finni fyrir auknum áhuga innlendra og erlendra ferðamanna á öræfunum“.*

#### **3.4. Viðhorf ferðaþjónustuaðila til virkjunar í Fremrinámum**

Almennt eru viðmælendur frekar neikvæðir gagnvart virkjun í Fremrinámum þar sem þeir telja að verðmæti svæðisins felist í því að vera ósnortið og því væri mikilvægt að vernda það sem slíkt.

Stjórnarmenn Ferðafélags Húsavíkur telja að *„koma þurfi til viðtækari stefnumörkun hvað varðar virkjanir hábitans upp á hálendinu bæði norðan og sunnan jökla“* áður en slíkar ákvarðanir séu teknar og

kalla þannig eftir að hugsað sé út frá heildarmyndinni í stað þess að horfa á einstaka virkjanakosti. Á meðan slíkt liggi ekki fyrir eru þeir frekar neikvæðir gagnvart virkjun á svæðinu. Þeir telja að virkjun á svæðinu hafi neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna á svæðinu þar sem þar sé víðsýnt og virkjunin myndi sjást víða að. Þá telja þeir að fjöldi ferðamanna myndi aukast verulega með virkjun þar sem vegasamgöngur þyrfti að bæta verulega en eins og áður hefur komið fram þá er það ekki endilega kostur á þessu svæði.

Fulltrúi Ferðafélags Akureyrar er einnig neikvæður gagnvart virkjuninni:

*Ég er eindregið þeirrar skoðunar að við eigum að láta hábitasvæðið á Fremrinámum ósnortið handa komandi kynslóðum. Það er mjög ábugavert að koma þarna og sjá óbeislaðan jarðhitann koma upp og miklar útfellingar af brennisteini á yfirborðinu. Það eru næg hábitasvæði annars staðar sem liggur mun beinna við að beisla, eins og t.d. við Námafjall, Kröflu og á Þeistareykjum. Látum þetta afskekklta hábitasvæði ósnortið handa þeim sem vilja koma og sjá ósnortin jarðhitafyrirbæri.*

Hann telur einnig að uppbygging vega með tilheyrandi umferð muni hafa neikvæð áhrif á þetta ósnorta svæði og þetta hefði „neikvæð áhrif á löngun útivistarfólks sem leitar inn á öræfin til að finna kyrrð og frið“. Hann bætir þó við að áhrifin yrðu líklega minni á svæðinu vestan Bláfjallsgarðs og Bláfjall, en svæðið í heild sinni myndi hins vegar ekki hafa þá öræfakyrrið sem einkennir svæðið eins og er. Hann telur mjög mikilvægt að varðveita þessa kyrrð og sérstöðu svæðisins fyrir komandi kynslóðir.

Fjallasýn telur einhverja möguleika felast í að bæta aðgengi og opna svæðið fyrir ferðamennsku og annarri útivist en að kostirnir vegi ekki upp á móti göllunum þar sem þetta sé „síðasta stóra jarðhitasvæði í merkelegri röð á NA-SV línunni“, og á þar við nýtingu á svæðinu við Námafjall, Kröflu og Þeistareyki.

Bergþóra hjá GeoTravel er einnig mjög neikvæð gagnvart nýtingu jarðhita á svæðinu og ber það fyrir sig að eins ósnortin svæði og þetta séu auðlind ekki einungis á landsvísu heldur á heimsvísu. Hún telur að virkjunin myndi gjörbreyta svæðinu: „þetta sé rosalega mikil röskun á ósnertu svæði að atla að fara að setja upp virkjun. Það er bara eiginlega fjaránleg hugmynd“. Hún minnir á að virkjun fylgir raflína og að mjög langt er í byggðalínuna frá Fremrinámum. Það þyrfti því að leggja raflínu um mjög langa vegalengd sem hefði mikil sjónræn áhrif. Að lokun bendir hún á að líta verði á heildarmyndina og skoða hvað vinnst og hvað tapast á uppbyggingu virkjunarinnar. Ef að virkjun kæmi myndi hún líklega ekki nýta sér svæðið þar sem þetta yrði eins og öll önnur virkjanasvæði háhita á landinu og verðmæti svæðisins myndu minnka þar sem sérstaða þess myndi hverfa.



## VIÐAUKI I - VIÐTALSRAMMI

Starfsemi á svæðinu:

- Hvaða starfsemi eruð þið með á þessu svæði?
- Hvað fáið þið u.þ.b. margar heimsóknir á ári?
- Er starfsemin allt árið um kring?
- Hvers konar ferðamenn, hverjar eru þeirra kröfur?
- Hvert er aðdráttarafl svæðisins/hví ferðast gestir um svæðið?
- Hvaða sérstöðu hefur svæðið sem ferðamannastaður?
- Hvernig þykir þér aðgengi að svæðinu vera?
  - Mætti það vera betra?

Framtíðarmöguleikar:

- Hvaða framtíðarmöguleika sérð þú á svæðinu?
- Hvernig sérðu fyrir þér að ferðapjónusta á svæðinu þróist á næstu árum
- Er svæðið vannýtt að hálfu ferðapjónustunnar? Hvaða tækifæri eru vannýtt?
- Gætu fleiri ferðamenn komið á svæðið? Þolir svæðið fleiri ferðamenn? Af hverju?
- Hvers kyns mannvirki eru æskileg á svæðinu?
- Hverjar telur þú vera óskir ferðamenna sem munu koma hingað í framtíðinni?
  - Aðgengi?
  - Innviðir (gisting, veitingar, afþreying)?

Fyrirhugaðar virkjanaframkvæmdir

- Hefur þú kynnt þér virkjanahugmyndirnar?
- Hver er skoðun þín á framkvæmdunum?
- Myndi virkjunin hafa áhrif á það hvernig þú/þitt fyrirtæki getur nýtt svæðið? Á hvaða hátt (neikvæð/jákvæð)?

## VIÐAUKI II - VIÐMÆLENDUR

### *Austurgilsvirkjun*

Svaðilfari, Þórður Halldórsson, eigandi og bóndi að Laugarholti í Skjaldfannardal.  
Viðtal tekið í síma 23.09.2015

Ferðaþjónustan í Dalbæ á Snæfjallaströnd, Ingibjörg Kjartansdóttir, rekstraraðili.  
Spurningum svarað með tölvupósti 28.09.2015.

Snjáfjallasetrið í Dalbæ á Snæfjallaströnd, Ólafur J. Engilbertsson, framkvæmdastjóri.  
Spurningum svarað með tölvupósti 29.09.2015.

### *Virkjun í Fremrinámum*

Ferðafélag Húsavíkur, Ingvar Sveinbjörnsson, formaður og Tryggvi Finnsson, stjórnarmaður.  
Spurningum svarað með tölvupósti 28.09.2015

Ferðafélag Akureyrar, Ingvar Teitsson, formaður Gönguleiðanefndar  
Spurningum svarað með tölvupósti 21.10.2015

GeoTravel, Bergþóra Kristjánsdóttir, eigandi.  
Viðtal tekið í síma 24.09.2015

Fjallasýn Rúnars Óskarssonar  
Sendu vangaveltur í tölvupósti 25.09.2015 eftir fjöldapóst til ferðaþjónustuaðila

Fyrirspurn send á eftirfarandi aðila og þeir spurðir út í hugsanlegar ferðir fyrirtækisins um svæðið:  
Fjallasýn, Saga Travel, Sel – Hótel Mývatn, Askja Tours/Mývatn Tours, Fjalladýrð, KIP Tours.

Samráð var haft við Náttúrustofu Norðausturlands (Sigþrúður Stella Jóhannsdóttir) og  
Vatnajökulspjóðgarð (Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir) vegna hugsanlegra viðmælanda.